

dýralæknir í Reykjavík, og Ólafur E. Stefánsson, ráðunautur í nautgriparækt hjá Búnaðarfélagi Íslands.

Dómsformaður var skipaður setudómari í máli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 30. september á sl. ári, og hefur hann engin afskipti haft af rekstri þess fyrir þann tíma.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Sveinbjörn Kristjánsson, greiði 10.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ævilangt heimild til að hafa í umráðum sínum búfé, er í búfjárræktarlögum greinir.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-arlaun til skipaðs verjanda síns, Stefáns Sigurðssonar héraðs-dómslögmanns, kr. 50.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 29. janúar 1976.

Nr. 58/1974. **Haf h/f**

(Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

Steypustöðinni h/f

(Hafsteinn Baldvinsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Skuldamál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag.

Hann krefst þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um sýknu honum til handa í aðalsök í héraði, en til greina verði teknað kröfur hans í gagnsök í héraði og stefndi dæmdur til að greiða honum 168.640 krónur með 1% dráttarvöxtum á mánuði af 150.000 krónum frá 10. maí 1971 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði, bæði í aðalsök og gagnsök, svo og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur að öllu leyti. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Um aðalsök í héraði.

Málinu hefur eigi verið gagnáfrýjað, og stefndi andmælir ekki, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um sýknu áfrýjanda af kröfu þeirri, sem hér greinir. Verður krafa áfrýjanda um staðfestingu héraðsdóms að þessu leyti tekin til greina.

Um gagnsök í héraði.

Krafa áfrýjanda, sú sem hér er fjallað um, lýtur að því, að stefnda verði dæmt skylt að endurgreiða honum vixil, að fjárhæð 150.000 krónur, svo og stimpilgjald, afsagnarkostnað og málskostnað, sem áfrýjandi var dæmdur til að greiða stefnda með dómi bæjarþings Reykjavíkur 25. september 1972 í máli, er stefndi höfðaði gegn honum til heimtu vixilsins. Nema þessar fjárhæðir alls 168.640 krónum.

Af málflutningi fyrir Hæstarétti er ljóst, að áfrýjandi hefur að engu leyti greitt stefnda umræddan vixil eða aðrar þær fjárhæðir, sem stefnda voru dæmdar úr hans hendi með framangreindum dómi. Verður kröfum áfrýjanda í gagnsök í héraði því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en dæma þer áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Er hann ákveðinn 40.000 krónur.

Það athugast, að dómsformaður sjó- og verslunardóms sat ýmist einn eða með aðeins öðrum meðdómsmanna í dómi í þinghöldum 14. og 21. mars og 2. apríl 1973, þegar fyrirsvarsmenn málsaðilja og vitni gáfu skýrslur.

D ó m s o r ð :

Framangreindri kröfu áfrýjanda, Hafs h/f, er vísað frá héraðsdómi. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda, Steypustöðinni h/f, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 21. júní 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 1. júní 1973, er höfðað með stefnu, birtri 26. september 1972, af Steypustöðinni h/f, Elliðavogi, Reykjavík, gegn Hafi h/f, Suðurlandsbraut 10, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 62.529 ásamt 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. júlí 1971 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi Haf h/f krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins.

Í þinghaldi 11. apríl 1973 var af hálfu stefnda, Hafs h/f, lögð fram gagnstefna og krafist skuldajafnaðar við kröfu stefnanda, Steypustöðvarinnar h/f, og sjálfstæðs dóms um afgang að upphæð kr. 168.640 með 1% dráttarvöxtum af kr. 150.000 frá 10. maí 1971 til greiðsludags og málskostnaðar að mati réttarins. Gagnstefndi, Steypustöðin h/f, krefst sýknu í gagnsök af öllum kröfum gagnstefnanda, Hafs h/f, og að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi gagnstefnanda eftir mati réttarins. Í munnlegum málflutningi var af hálfu aðalstefnanda krafist 1½% dráttarvaxta fyrir hvern byrjaðan mánuð af stefnufjárhæðinni frá 1. maí 1973 til greiðsludags.

Málavextir eru þeir, að í júní 1970 hófust þau viðskipti milli aðilja þessa máls, að aðalstefnandi, Steypustöðin h/f, seldi aðalstefnda, Hafi h/f, malargrús og steypu til verks, sem það fyrirtæki hafði með höndum. Viðskipti þessi voru reikningsviðskipti, og greiddi aðalstefndi inn á reikning sinn ýmist í reiðufé eða með víxlum.

Framkvæmdastjóri aðalstefnda, Guðmundur Bjarnason, var jafnframt framkvæmdastjóri annars fyrirtækis, Turns h/f, sem átti sams konar viðskipti við aðalstefnanda. Guðmundur var hluthafi í báðum fyrirtækjunum, sem hann veitti forstöðu. Á viðskipta-

reikningi aðalstefnda hjá aðalstefnanda fyrir árið 1970 höfðu verið færðar úttektir, sem Turns h/f hafði fengið til sinna verka. Þær voru síðan færðar út af þeim reikningi á viðskiptareikning Turns h/f. Samkvæmt viðskiptareikningi aðalstefnda hjá aðalstefnanda nam skuld hans við aðalstefnanda kr. 208.640 í ársbyrjun 1971. Samkvæmt viðskiptareikningi þessum héldu viðskipti fyrirtækjanna áfram fyrri hluta ársins 1971, og í maílok 1971 sýndi hann skuld aðalstefnda við aðalstefnanda að upphæð kr. 62.529.

Hinn 3. mars 1971 gaf aðalstefnandi út víxil að fjárhæð kr. 150.000, sem samþykktur var af aðalstefnda til greiðslu hinn 10. maí 1971, en víxill þessi var færður sem greiðsla á viðskiptareikningi aðalstefnda hjá aðalstefnanda í febrúar 1971. Í júní 1971, þegar víxill þessi hafði lent í vanskilum, var hann færður aðalstefnda til skuldar að viðbættum kostnaði, eða samtals kr. 151.730. Í sama mánuði voru kr. 214.259 fluttar af viðskiptamannareikningi aðalstefnda á viðskiptamannareikning Turns h/f hjá aðalstefnanda, eða samanlögð upphæð vanskilavíxilsins að viðbættri fjárhæð þeirri, sem aðalstefnda var talin til skuldar hjá aðalstefnanda í maílok 1971. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 25. september 1972, var aðalstefndi dæmdur til þess að greiða aðalstefnanda framangreindan víxil að viðbættum áföllnum kostnaði. Hinn 31. ágúst 1972 er fjárhæðin 214.259 flutt af viðskiptareikningi Turns h/f á viðskiptareikning aðalstefnda og síðan stefnir aðalstefnandi aðalstefnda til að greiða mismuninn á tildæmdri víxilfjárhæð og hinni yfirfærðu skuld, eða kr. 62.529, eins og að framan greinir, en aðalstefndi gagnstefnir til skuldajafnaðar og sjálfstæðs dóms til endurheimtu víxilfjárhæðarinnar ásamt áföllnum kostnaði, eða kr. 168.640.

Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri aðalstefnanda, kom fyrir réttinn og skýrði svo frá, að viðskipti aðilja máls þessa hefðu staðið frá því í júní 1970 þar til í maí 1971, en síðan hafi þeir engin viðskipti átt sín á milli. Fyrir viðskiptin hafi verið greitt með peningum og víxlum til skiptis.

Í desember 1970 hafi nokkrir reikningar verið færðir af viðskiptareikningi Hafs h/f hjá Steypustöðinni yfir á reikning Turns h/f, væntanlega samkvæmt forsögn Guðmundar Bjarnasonar, framkvæmdastjóra aðalstefnda, en hann hafi reglulega fengið afhenta reikninga. Það hefði verið með sinni vitund og samþykki, að þessi millifærsla var gerð. Varðandi úttektirnar á viðskiptareikningi Hafs h/f á árinu 1971 sagði mætti (sic), að þær hefðu

verið gerðar í nafni Hafs h/f, enda séu reikningarnir stílaðir á það fyrirtæki. Sér hafi verið kunnugt um, að úttektir þessar fóru til lögreglustöðvarinnar og í Fellsmúla. Mætti (sic) sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að á árinu 1971 hafi nokkuð verið fært á reikning Hafs h/f af því, sem Turn h/f hafi tekið út hjá Steypustöðinni h/f. Hann hafi litið á viðskiptin sem persónuleg viðskipti við Guðmund Bjarnason og hafi ekki vitað annað en Haf h/f væri með þessi verk, enda hafi hann séð, að vélar Hafs h/f voru notaðar við lögreglustöðina.

Sú aðferð sé viðhöfð við afhendingu efnis, sem Steypustöðin selur, að kaupandi kvitti fyrir móttöku efnisins á staðnum á afhendingarseðil, sem sé stílaður á þann aðilja, sem efnið kaupi. Kaupandinn haldi eftir afriti af afhendingarseðlinum. Sölureikningar séu síðan samdir eftir afhendingarseðlum þessum. Sölureikningar Hafs h/f hafi verið skrifaðir daglega og hafi Haf h/f tekið þá eða þeir verið sendir til fyrirtækisins, en ekki hafi verið föst regla um, með hvaða millibili. Engar kvartanir hafi verið gerðar af hálfu Hafs h/f varðandi það, að afhendingarseðlarnir eða sölureikningar væru ekki stílaðir á réttan aðilja, né annars konar kvartanir.

Varðandi millifærsluna í júní 1971 á kr. 214.259 af viðskiptareikningi Hafs h/f á viðskiptareikning Turns h/f þá sé hún þannig tilkomin, eftir því sem hann hafi komist næst, að Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri Hafs h/f og Turns h/f, hafi beðið Jón Ólafsson, gjaldkera og bókara Steypustöðvarinnar h/f, sem þá hafi verið nýbyrjaður að vinna hjá fyrirtækinu, að millifæra þessa upphæð. Það hafi Jón gert, en hann hafi ekki sagt sér af því fyrirfram og sig reki ekki minni til þess, að hann hafi sagt sér af því eftir á. Guðmundur Bjarnason hafi ekki talað við sig um þessa millifærslu.

Mætti (sic) sagði, að verksvið gjaldkera og bókara næði ekki til þess að taka ákvörðun um hluti sem þessa, það mundi vera í sínum verkahring sem forstjóra.

Mætti (sic) sagði, að þeir tveir 75.000 kr. víxlar, sem Turn h/f samþykkti pr. 1. okt. og 1. nóv. 1971, hafi verið sjálfstæð greiðsla inn á reikning Turns h/f, eins og kvittun sýni, en ekki framlenging á 150.000 kr. víxli, sem Haf h/f samþykkti til greiðslu pr. 10. maí 1971.

Mætti (sic) gaf þá skýringu, að ástæðan fyrir því, að ekki hefði verið millifært á nýjan leik kr. 214.258 af reikningi Turns h/f yfir á reikning Hafs h/f, fyrr en ári eftir að millifærslan í júní

var gerð, eða í ágúst 1972, væri sú, að þeir hefðu ekki rekist fyrir á þessa rangfærslu, og þá fyrir ábendingu lögmanns síns. Mætti (sic) sagðist ekki muna, hvort sér hefði verið kunnugt um, að Turn h/f hefði beðið um gjaldþrotaskipti á búi sínu, þegar þessi millifærsla var gerð, en hins vegar hafi sér verið kunnugt um, að Turn h/f hafi átt í verulegum greiðsluvandræðum og mjög hafi verið erfitt að fá greitt hjá því fyrirtæki.

Framkvæmdastjóri aðalstefnda, Guðmundur Bjarnason, kom fyrir réttinn og gaf skýrslu. Hann kvaðst enn fremur vera framkvæmdastjóri Turns h/f og hluthafi í báðum fyrirtækjunum. Mætti (sic) sagði, að Haf h/f hefði ekkert tekið út hjá Steypustöðinni h/f eftir september til október 1970, en það, sem tekið sé út eftir þann tíma hjá Steypustöðinni, sé á vegum Turns h/f. Sig minnti, að frá því í nóvember 1970 og fram í maí 1971 hafi Haf h/f aðeins haft eitt verk með höndum, raflínulagningu fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en Haf h/f hafi ekki haft nein viðskipti við Steypustöðina h/f vegna þess verks. Bókhaldið fyrir þetta verk hafi verið fært með bókhaldi Turns h/f. Sömu starfsmenn hafi unnið hjá Turni h/f og Hafi h/f og sama máli hafi gegnt um vélakost. Millifærslurnar á reikningunum fyrir árið 1970 hafi komið til, þegar hann hafi verið staddur hjá forstjóra Steypustöðvarinnar h/f, og hafi verið vegna þess, að úttektir Turns h/f hafi verið færðar á reikning Hafs h/f. Mætti (sic) kveðst ekki muna, hvenær komið hefði í ljós, að ranglega hefði verið fært. Ekki væri víst, að það hefði verið á árinu 1970, en það hlyti að hafa verið fyrr en í júní 1971. Líklega hafi hann verið staddur hjá forstjóra Steypustöðvarinnar h/f í þetta skipti seinni-part vetrar eða snemma vors, en bókhaldinu hafi verið seint lokað og millifærslurnar líklega komið til við lokun þess. Mætti (sic) sagði, að í ljós hefði komið, að of mikið hefði verið samþykkt af víxlum af Hafi h/f, sem farið hefðu til greiðslu á skuldum Turns h/f. Mætti (sic) sagði, að millifærslan á kr. 214.259 hefði verið ákveðin, þegar hann hafi verið staddur inni í Steypustöð á skrifstofu bókara fyrirtækisins og þar hafi verið staddur bókarinn Jón Ólafsson og Halldór Jónsson og að því er sig minni Sveinn Valfells yngri. Í þetta skipti hafi Halldór Jónsson beðið sig að samþykkja víxla fyrir skuld Hafs h/f, en þá hafi hann bent honum á, að Haf h/f væri ekki skuldarinn, heldur Turn h/f. Reikningarnir hafi verið athugaðir og það hljóti að hafa verið tekin ákvörðun í þetta skipti um að millifæra skuldina. Sér hafi ekki verið kunnugt um á þessum tíma, að Turn h/f væri gjaldþrota.

Halldór Jónsson sagði í framburði sínum, að sá fundur, sem Guðmundur Bjarnason þarna lýsti, hefði aldrei átt sér stað. Hins vegar hefðu þeir tveir hist ásamt bókara fyrirtækisins, líklega rétt eftir áramótin 1970/1971, og þá hafi verið tekin ákvörðun um millifærslu á reikningnum fyrir árið 1970. Halldór Jónsson sagðist ekki muna til þess, að hann hefði rætt við Guðmund Bjarnason eða neinn aðilja frá honum um millifærsluna á kr. 214.259. Allir þeir víxlar, sem færðir væru í debethlið viðskiptareiknings Turns h/f hjá Steypustöðinni árið 1972, væru í van-skilum. Athugasemdir um það, að ekki væri rétt fært, hefðu borist, eftir að Turn h/f hefði verið orðinn gjaldþrota og eftir þann tíma, að millifærslan í júní 1971 var gerð.

Guðmundur Bjarnason skýrði enn fremur svo frá, að hann hefði ekki gert athugasemdir við færslu viðskiptareiknings Hafs h/f nema á þeim tveim fundum, sem hann hefði átt með forráðamönnum Steypustöðvarinnar h/f. Hins vegar myndi hann það óljóst, að athugasemdir hefðu verið gerðar við það, að afhendingarseðlar og sölureikningar væru ekki stílaðir á réttan aðilja, en það muni skrifstofumaður sinn hafa gert og sig minni, að hann hafi líka gert það sjálfur.

Bókhald Hafs h/f hafi á þeim tíma, sem um ræði í málinu, verið fært í vélum, en hins vegar hafi það ekki verið gert jafn-óðum. Guðmundur sagðist reikna með, að tveir 75.000 kr. víxlarnir, sem Turn h/f hafi samþykkt til greiðslu 1. okt. og 1. nóvember 1971, hafi átt að vera framlenging á 150.000 kr. víxlinum, sem Haf h/f hafi samþykkt með gjalddaga 10. maí 1971. Hann kvaðst reikna með því, að ástæðan fyrir því, að víxlarnir hefðu verið teknir sem innborgun í reikning Turns h/f, væri sú, að víxillinn pr. 10. maí 1971 hafi þá verið í banka. Víxlarnir hafi verið samþykktir hjá forstjóra Steypustöðvarinnar h/f, sem þá hafi átt að taka víxilinn úr bankanum.

Gjaldkeri aðalstefnanda, Jón Ólafsson, bar vitni í máli þessu. Hann sagðist hafa hafið störf hjá stefnanda seinni partinn í maí 1971. Starf sitt væri fyrst og fremst starf gjaldkera, þar með að sjá um greiðslur og innheimtur. Hann hafi hitt Guðmund Bjarnason á skrifstofu sinni hjá stefnanda, en hann muni ekki hvenær. Sér hafi verið kunnugt um, að Guðmundur var forstjóri bæði Hafs h/f og Turns h/f, og sér hafi skilist, að þetta væri nánast sama fyrirtækið.

Á þessum tíma hafi skuld Hafs h/f verið rúmlega kr. 214.000 og hafi hann kafið Guðmund um greiðslu á þeirri upphæð. Guð-

mundur hafi þá sagt, að það væri vitleysa, að Turn h/f ætti að skuldfærast fyrir þessu, en frekari skýringar á því hafi hann ekki gefið. Ekki minntist hann þess, að þeim Guðmundi færi fleira á milli. Hann hefði ekki millifært þetta þegar í stað, en hafi punktað það niður hjá sér og síðan fengið þeim starfsmanni, sem sjái um færslur bókhaldsins. Þessa millifærslu hafi hann ekki rætt við forstjórnann, Halldór Jónsson. Vitnið kvaðst hljóta að hafa haldið á þessum tíma, að millifærslur af þessu tagi væru í sínum verkahring. Hann hafi fært millifærslu þessa í þeirri trú, að Guðmundur Bjarnason færi með rétt mál henni viðkomandi.

Sveinn Valfells verkfræðingur mætti sem vitni í réttinum og kvaðst engin afskipti hafa haft af þeim viðskiptum, sem mál þetta snýst um, og ekki verið á neinum fundi þeim viðkomandi.

Ottó Gíslason, verkstjóri hjá aðalstefnanda, mætti fyrir réttinum sem vitni og skýrði frá því, að hann tæki við pöntunum frá þeim fyrirtækjum, sem keyptu efni hjá Steypustöðinni h/f, og skrifaði þær niður á afhendingarseðla eða sölunótur, en enn fremur skrifi bílstjórar þeir, sem efnið flytji, afhendingarseðla, sem viðskiptavinurinn kvitti á fyrir móttöku efnisins. Óglöggð hafi verið, hvernig pöntunum frá Hafi h/f og Turni h/f hafi verið varið. Eitthvað hafi getað verið skrifað á Turn h/f, sem Haf h/f hafi átt að fá, og öfugt, hann hafi ekki alltaf spurt að því, á hvort fyrirtækið reikningarnir ættu að færast, en það hafi ekki alltaf verið ljóst. Vitnið sagði, að aldrei hefði verið kvartað við sig af hálfu Hafs h/f um, að sölunótur eða afhendingarseðlar væru ekki stílaðir á rétt fyrirtæki. Vitnið sagðist ekki muna, hvernig pöntunum á því efni, sem fært er á viðskiptareikning Hafs h/f fyrir árið 1971, hafi verið varið.

Símon Kærnested, löggiltur endurskoðandi, kom fyrir réttinn og bar vitni í málinu. Hann sagðist hafa aðstoðað við bókhald fyrirtækjanna Turns h/f og Hafs h/f fyrir árið 1971. Enn fremur hafi hann gert upp fyrir Haf h/f fyrir árið 1972, en ekki haft önnur afskipti af bókhaldi Turns h/f fyrir árið 1972 en að reikna út laun fyrir það fyrirtæki. Vitnið sagðist hafa fært þann þátt bókhalds Hafs h/f, sem laut að viðskiptum þess við Steypustöðina h/f, samkvæmt sölureikningum frá Steypustöðinni h/f.

Á árinu 1971 hafi ekki verið um neinn rekstur að ræða á vegum Hafs h/f, nema að fyrirtækið hafi leigt út vélar og tæki til Turns h/f. Vitnið sagðist gera ráð fyrir því, að einhverjir sölureikningar frá Steypustöðinni h/f hafi verið stílaðir á Haf h/f á árinu 1971,

en þeir hafi verið færðir í bókhald Turns h/f, enda hafi þeir átt að vera stílaðir á það fyrirtæki. Á sölunóturnar hafi verið skráð, hvar efnið hafi verið afhent og í hvaða verk, og hafi þær verið færðar samkvæmt því í bókhaldið, en ekki samkvæmt því, á hvaða fyrirtæki þær voru stílaðar. Efnisúttekt fyrir sama verk hafi getað verið stíluð ýmist á Haf h/f eða Turn h/f. Vitnið sagðist ekki hafa gert athugasemdir við Steypustöðina h/f um það, að reikningar væru stílaðir á Haf h/f, sem ættu að vera stílaðir á Turn h/f. Hann hafi ekki talið það í sínum verkahring og enn fremur hafi verið búið að millifæra á milli fyrirtækjanna, þegar hann hafi tekið að færa bókhaldið.

Vitnið sagði, að hafi Haf h/f samþykkt víxla sem greiðslu fyrir úttekt, hafi þeir verið færðir á viðskiptareikning Steypustöðvarinnar h/f hjá Turni h/f, en ekki hjá Hafi h/f, en sá viðskiptareikningur beri það með sér, að Haf h/f og Steypustöðin h/f hafi ekki átt viðskipti sín á milli á árinu 1971.

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að engar athugasemdir hafi komið frá aðalstefnda um það, að viðskiptin væru færð til skuldar hjá röngu fyrirtæki. Ekkert hafi verið gert af hálfu aðalstefnda til þess að leiðrétta sölureikninga ná annað, sem viðskiptunum var viðkomandi og kynni að hafa verið rangt. Skuld aðalstefnda hjá aðalstefnanda hafi numið kr. 62.529, þegar viðskiptum þeirra hafi lokið.

Guðmundur Bjarnason, framkvæmdastjóri aðalstefnda, hafi farið fram á millifærslu á kr. 214.259 og fengið því framgengt, að hún var gerð, án þess að leyfi forráðamanna aðalstefnanda lægi fyrir. Parna hafi verið um að ræða mistök hjá bókara aðalstefnanda, sem í fyrsta lagi hafi verið í því fólgin að millifæra skuldina yfirleitt og í öðru lagi að millifæra þann hluta skuldarinnar, sem byggst hafi á vixlinum að fjárhæð kr. 150.000. Þar sem víxillinn hafi verið sjálfstæð greiðsla, hefði aðalstefndi átt að fá víxilinn afhentan og greiðsluskuldbindingin samkvæmt honum að falla niður, en greiðsluskuldbindingin samkvæmt honum standi enn. Millifærslan hafi þannig átt sér stað fyrir mistök gjaldkera aðalstefnanda og geti engin áhrif haft að lögum. Til þess að svo væri, hefði hún þurft að fara fram í formi skuldskeytingar, en slíkur gerningur hafi aldrei átt sér stað og Guðmundur Bjarnason hafi því aldrei haft neina heimild til þess að láta millifæra, enda sé því algerlega mótmælt, að nokkur fundur hafi átt sér stað um það efni. Skuld sú, sem millifærð var, hafi verið vegna úttekta aðalstefnda, en ekki Turns h/f. En yrði ekki litið

svo á, yrði að taka tillit til þess við dóm í málinu, að allur magnafsláttur, sem aðalstefnda var talinn til tekna, þ. e. kr. 70.265, hefði átt að koma Turni h/f allur til tekna, og því hækkaði skuld aðalstefnda við aðalstefnanda á árinu 1971 um þá upphæð.

Þeir þrír 100.000 kr. víxlar, sem Guðmundur Bjarnason samþykkti persónulega og færðir voru á viðskiptareikning Hafs h/f fyrir árið 1971, hefðu alveg eins að öllu eða einhverju leyti átt að færast á viðskiptareikning Turns h/f, enda beri kvittun það með sér, að með þeim þrem víxlum hafi verið greitt vegna vanskila beggja fyrirtækjanna, Hafs h/f og Turns h/f. Taka verði tillit til þessa við dóm í málinu sem rökstuðning við kröfur aðalstefnanda í aðalsök. Bókhald aðalstefnanda feli ekki í sér viðurkenningu á því, að víxlarnir hafi eingöngu átt að koma Turni h/f til góða. Viðskiptareikningur aðalstefnanda hjá aðalstefnda væri rangur, en hann sýndi engin viðskipti milli þeirra á árinu 1971. Auk þessa hafi Turn h/f rambað á barmi gjaldþrots, þegar millifærslan hafi átt sér stað, en það hafi Guðmundi Bjarnasyni verið fullkunnugt um.

Verði talið, að skuldskeyting hafi átt sér stað, verði engu að síður að telja hana ógilda samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/1936, þar sem Guðmundur Bjarnason hafi beitt sviksamlegri launung við hana.

Varðandi gagnsökina er því haldið fram af hálfu gagnstefnda, að rangt sé, að 75.000 kr. víxlarnir tveir pr. 1. október og 1. nóvember 1971, samþykktir af Turni h/f, hafi átt að vera framlenging á 150.000 kr. víxlinum pr. 10. maí 1971, enda beri kvittun fyrir móttöku þeirra það með sér, að þeir hafi verið greiddir inn á reikningsskuld Turns h/f. Væri um framlengingu að ræða, hefði aðalstefndi átt að fá 150.000 kr. víxilin í hendur. Í raun hafi millifærslan aðeins numið kr. 62.529. Víxillinn hafi aldrei átt að koma inn á viðskiptareikninginn, þegar hann var kominn í vanskil, og verði að halda honum fyrir utan millifærsluna.

Turn h/f hafi aldrei orðið skuldlaus við aðalstefnanda. Ástæðan fyrir því, að viðskiptareikningur þess fyrirtækis hjá aðalstefnda hafi ekki sýnt skuld í tvö skipti, sé sú, að Turn h/f hafi greitt með ónýtum víxlum, sem ennþá séu í vanskilum, og sé því um málamyndagreiðslu að ræða. Því eigi aðalstefnandi ekki að endurgreiða víxilin. Jafnvel þótt komist yrði að þeirri niðurstöðu, að 75.000 kr. víxlarnir væru taldir greiðsla á 150.000 kr. víxlinum, þá gæti þar aðeins verið um skilyrta endurnýjun skuldarinnar að ræða og hún yrði að teljast ógreidd, þar sem 75.000 kr. víxlarnir

væru í vanskilum, þannig að aðalstefnandi gæti gengið eftir henni hjá aðalstefnda, fengist hún ekki greidd hjá Turni h/f.

Af hálfu aðalstefnda er því haldið fram, að aðalstefndi hafi ekki haft nein verk með höndum, eftir að gangstéttarverkinu lauk, sem hafi verið í september til október 1970, utan eitt raf-línuverk, sem ekki hafi kallað á nein viðskipti við aðalstefnanda. Að öðru leyti hafi starfsemi aðalstefnda á þeim tíma eingöngu verið fólgin í því að leigja Turni h/f vélar, og hafi það verið einasta sambandið, sem aðalstefndi hafði við verkin í Fellsmúla og Hverfisgötu, en verkið við Hverfisgötu hafi verið nýja lögreglustöðin. Þau verk hafi aftur á móti verið einu verkin, sem Turn h/f hafði með höndum á þeim tíma, sem um ræði í máli þessu. Þetta hafi aðalstefnanda verið vel ljóst.

Upphaflega hafi ýmsar úttektir Turns h/f verið færðar á viðskiptareikning aðalstefnda hjá aðalstefnanda. Út af þessu hafi augljóslega verið kvartað, því að á viðskiptareikningunum fyrir desembermánuð 1970 hafi verið leiðréttar sjö færslur varðandi verk að Fellsmúla og Hverfisgötu. Þessu hafi samt ekki linnt og tvær síðustu færslurnar í þessum mánuði á viðskiptareikningnum séu vegna úttekta Turns h/f, að upphæð kr. 73.050.

Í júní 1971 hafi verið færð í heilu lagi með samkomulagi forráðamanna aðalstefnanda og aðalstefnda kr. 214.259 af viðskiptareikningi aðalstefnda á viðskiptareikning Turns h/f. Þarna hafi verið um að ræða leiðréttingu á villu í bókhaldi aðalstefnanda, en þessi millifærsla hafi verið rétt, þar sem Turn h/f hafi verið skuldarinn frá upphafi. Þarna sé ekki um að ræða neina skuldskeytingu, heldur millifærslu, sem hafi átt sér fordæmi frá því í desember 1970. Enn fremur hafi gjaldkeri aðalstefnanda haft umboð til að framkvæma hana. Það, að aðalstefnandi færi aðalstefnda þessar úttektir til skuldar, sé ekki að neinu leyti skuldbindandi fyrir aðalstefnda. Ef litið verði svo á, að um skuldskeytingu sé að ræða, þá hafi hún verið framkvæmd með heimild frá aðalstefnanda. Reikningunum sé ekki mótmælt tölulega, en þá hefði alla átt að færa á Turn h/f og hefðu þeir þá sýnt rétt bókhald þess fyrirtækis. Viðskiptareikningur aðalstefnanda hjá aðalstefnda fyrir árið 1971 sýni, að engin viðskipti hafi átt sér stað milli þessara fyrirtækja það ár. Turn h/f hafi tvisvar orðið skuldlaust við aðalstefnda, eftir að millifærslan í júní 1971 hafi verið gerð, í ágúst 1971 og janúar 1972. Því hafi þær úttektir, sem fólgnar hafi verið í millifærslunni í júní 1971, verið tvisvar greiddar upp, þar með talinn 150.000 kr. víxillinn pr. 10. júní 1971.

Magnafslátturinn skipti ekki máli tölulega, þar sem hann sé innifalinn í millifærslunni, og í réttu lagi hefði hann allur átt að færast á reikning Turns h/f. Þess beri að gæta, að forstjóri aðalstefnanda hafi borið það fyrir rétti, að ári eftir að millifærslan var gerð, þá hafi þeir hjá aðalstefnanda rekist á það, að millifærslan hafi verið ranglega gerð, samkvæmt ábendingu frá lögmanni sínum. Þá hafi verið ljós greiðsluvandræði Turns h/f og síðan hafi skuldin verið millifærð í því skyni að láta aðalstefnda greiða skuldina.

Varðandi endurkröfuna á 150.000 kr. víxli aðalstefnda pr. 10. maí 1971 þá hafi sá víxill verið framlengdur með tveim 75.000 kr. víxlum pr. 1. október 1971 og 1. nóvember s. á. og enn fremur með þremur 100.000 kr. víxlum pr. 7. júlí, 7. ágúst og 7. september 1971. Þrír síðasttöldu víxlarnir hafi verið samþykktir af Guðmundi Bjarnasyni persónulega og hafi hann lagt þá inn á reikning 18. maí 1971 vegna vanskilavíxla Hafs h/f og Turns h/f, eða 8 dögum eftir að 150.000 kr. víxillinn féll í gjalddaga. Víxillinn pr. 10. maí hafi aðalstefnandi leyst til sín frá greiðslubankanum 21. maí 1971, en hann hafi ekki verið afhentur. Þar sem hann hafi verið greiddur, geti skuldbinding samkvæmt honum ekki raknað við. Þá komi einnig til, eins og að framan er sagt, að Turn h/f hafi tvisvar orðið skulddlaus við aðalstefnanda, eftir að margumrædd millifærsla hafi verið gerð, og þannig hafi 150.000 kr. víxillinn einnig verið greiddur.

Ljóst er af því, sem fram hefur komið í máli þessu, að viðskiptareikningur aðalstefnda hjá aðalstefnanda fyrir árið 1970 hefur verið leiðréttur þannig, að af honum hafa verið fluttar færslur vegna úttekta Turns h/f á viðskiptareikning þess fyrirtækis hjá aðalstefnanda. Framkvæmdastjóri aðalstefnanda hefur borið það fyrir rétti, að það hafi væntanlega verið gert samkvæmt forstögu Guðmundar Bjarnasonar, framkvæmdastjóra aðalstefnda, og með sinni vitund og samþykki. Því hafa sýnilega verið gerðar athugasemdir við það, að úttektir þessar skyldu í upphafi vera færðar á viðskiptareikning aðalstefnda. Byggja verður á því, að tvær síðustu úttektir á viðskiptareikningi aðalstefnda hjá aðalstefnanda fyrir árið 1970 og úttektir á sama reikningi fyrir árið 1971 hafi ekki farið til verka, sem aðalstefndi hafði með höndum, og hann sé því ekki hinn rétti skuldari þessara úttekta. Er þá höfð hliðsjón af viðskiptum aðilja málsins á árinu 1970, framburði vitnisins Ottós Gíslasonar um færslur hans á úttektum aðal-

stefnda og Turns h/f, framburði vitnisins Símonar Kærnesteds og fleiri atriðum, sem fram hafa komið í málinu.

Samkvæmt þessu og gegn mótmælum aðalstefnda telst ekki sannað, að aðalstefndi hafi orðið greiðsluskyldur vegna þessara úttekta samkvæmt loforði né með öðrum hætti. Fallast verður á það með aðalstefnda, að millifærslan í júní 1971 hafi einungis verið leiðrétting á röngum færslum í bókhaldi aðalstefnanda.

Af gögnum málsins sést, að magnafsláttur sá, sem aðalstefnda var færður til tekna í maí 1971, var vegna úttekta til verka, sem Turn h/f hafði með höndum. Upphæð sú, sem millifærð var af viðskiptareikningi aðalstefnda á viðskiptareikning Turns h/f í maí 1971, er þeim mun lægri sem upphæð magnafsláttarins nemur, og skiptir því tilvist hans ekki máli fyrir úrslit máls þessa, eins og það liggur hér fyrir dóminum. Á sama hátt skiptir ekki máli, að Guðmundur Bjarnason greiddi persónulega inn á viðskiptareikning aðalstefnda í maí 1971 með þremur víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 100.000. Samkvæmt framansögðu þykir rétt að sýkna aðalstefnda af kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Gegn mótmælum gagnstefnda verður að telja ósannað, að 150.000 kr. víxillinn, sem samþykktur var af gagnstefnanda pr. 10. maí 1971, hafi verið framlengdur með öðrum víxlum. Ekki þykir heldur skipta máli, að fjárhæð framannefnds víxils var færð inn á viðskiptareikning gagnstefnanda sem skuld, þegar víxillinn var kominn í vanskil, og þaðan á viðskiptareikning Turns h/f hjá gagnstefnda. Aðrar málsástæður hafa ekki verið hafðar uppi af hálfu gagnstefnanda í gagnsök.

Niðurstaða dómsins í gagnsök verður sú, að gagnstefndi skuli sýkn af kröfum gagnstefnanda.

Málskostnaður fellur niður í báðum sökum.

Friðgeir Björnsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Eggert Kristjánssyni, löggiltum endurskoðanda, og Jóhanni J. Ólafssyni forstjóra.

Dómsorð:

Í aðalsök skal aðalstefndi, Haf h/f, vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Steypustöðvarinnar h/f.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Steypustöðin h/f, vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Hafs h/f.

Málskostnaður í báðum sökum fellur niður.